



Akureyrarbær

Menningarsjóður Akureyrar styrkir eftirfarandi verkefni árið 2022.



Móðir, kona, meyja

Móðir, kona, meyja er verk sem fjallar um kvenleika og konur í nútíma og fortíð. Verkið mun á einlægan og húmorískan hátt fjalla um allt frá staðalímyndum, háðvísun og hárgreiðslum til #metoo, andlegra áfalla og ofbeldis sem konur hafa orðið fyrir í gegnum tíðina. Rauður þráður verksins verður speglun á sögum skáldkvenna fyrri tíma og kvenna í dag og það sem tengir nútíð og fortíð saman eru ný lög, samin bæði við valin ljóð þessara kvenna og frumsamin ljóð.



Pastel ritröð

Pastel er listaverkagerð og samstarfsvettvangur mjög ólíkra listamanna, líka á milli landshluta. Verkefnið liggur á mörkum sviðslista, tónlistar, myndlistar og ritlistar og endurspeglar þannig um leið verkefna- og starfssvið æ fleiri skapandi aðila í dag, það er þvert á listgreinar. Frumgerðir bókverka einstakra listamanna eru undirbúnar, prentaðar, kynntar, verkunum og viðkomandi listamönnum komið á framfæri með kynningum og viðburðum.



Karlakórar á Akureyri í 100 ár

Árið 2022 eru liðin 100 ár frá því að samfellt karlakórarstarf á Akureyri hófst. Það starf hófst með stofnun Söngfélagsins Geysis 1922 og síðan Karlakórs Akureyrar 1929. Sameinaðir hafa kórarnir síðan starfað sem Karlakór Akureyrar Geysis frá 1990. Í því tilefni leitar KAG leiða til að fjármagna margvíslegt afmælisverkefni.



Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur- er samsýning Landverndar og Ólafs Sveinssonar sem er nú á hringferð um landið. Verður sýningin sett upp í Amtsbókasafninu, Glerártorgi sem og í Menningarhúsinu Hofi í janúar árið 2022 í samvinnu við Samtök um Náttúruvernd á norðurlandi. Sýningin hefur vakið mikla athygli og sterk viðbrögð þar sem hún hefur verið sett upp, ekki síst sá hluti hennar sem sýnir svæði sem ýmist búið að eyðileggja með virkjanaframkvæmdum eða eru í nýtingar- eða biðflokki Rammaáætlunar.



ÓÐ

Anna Richards mun vinna rannsóknarvinnu að myndinni, bæði ein, núna í júní og með Áka í september. Þá munu þau gera handritið, gera prufu og undirbúningstökur en myndin verður tekin upp, klippt og hljóðsett á næsta ári. Þá mun Áki vera kominn með góða mynd af hvernig tónlist hann vill semja fyrir verkið. Ef það verður tími afgangis í haust getur hann byrjað að semja tónlistina, allavega að undirbúa það. Anna geri ráð fyrir að handritið verði klárt í haust, og þau geta farið beint í tölur á næsta ári.




TÓLF TÓNA KORTÉRIÐ

Tólf tóna kortérið er tilraunasena fyrir nýja tónlist á Akureyri. Frumflutningur nýrra verka, auk framsækinnar tónlistar frá 20. og 21. öld hljómar á sex korterslögum tónleikum á Listasafninu á Akureyri. Flytjendur verða tónlistarmenn búsettir á Norðurlandi Eystra. Hér gefst tækifæri til að heyra "afstrakt" perlor tónlistarinnar, innan um framsækna myndlist nútíðar og þátíðar. Frumfluttar verða sex nýjar tónsmíðar á tónleikaröðinni.



Eplatré

Eplatréð er einstakur, tilraunakenndur, tilfinningalegur spuni þar sem Dávaldur (skemmtikraftur) tekst á við gest sem kemur á sýninguna hjá honum; Föður stúlku sem dó í umferðaróhappi sem Dávaldur olli. 'Faðir' er leikin af nýjum leikara/leikkonu sem þekkir ekki verkið og andstætt venjulegum spuna fær ekki að spinna línur. 'Dávaldur' leiðbeinir gestaleikara í gegnum verkið og mun það gera hverja einustu sýninu einstaka, hráa og aðlaðandi fyrir bæði leikara og áhorfendur.



Akureyri - the heart of Iceland

Development of different graphic materials as well as illustrations showing the vitality and potential of Akureyri, so called the capital of north.



Ævintýri á aðventunni

Ævintýri á aðventunni er gleðilegur frumsaminn farandsöngleikur sem sýndur verður fyrir 6-10 ára nemendur í grunnskólum á Norðurlandi eystra á aðventunni 2022. Þórunn Guðmundsdóttir er handrits- og tónlistarhöfundur, Jenný Lára Arnórsdóttir sér um leikstjórn, Björg Marta Gunnarsdóttir er búningahönnuður og flytjendur eru Jón Þorsteinn Reynisson, Björk Níelsdóttir og Erla Dóra Vogler.



**Akureyrar
akademían**

s: 833 9861 | www.akak.is


Opnir viðburðir AkureyrarAkademíunnar fyrir almenning um sögu og menningarlíf á Akureyri í tilefni af 160 ára afmæli Akureyrarbæjar á árinu 2022

Opnir viðburðir á vegum AkureyrarAkademíunnar sem fela í sér fyrirlestra og sögugöngu fyrir almenning í tilefni af 160 ára afmæli Akureyrarbæjar á árinu 2022. Markmiðið er að auka framboð á fjölbreyttu og aðgengilegu efni um sögu og menningarlíf á Akureyri og að virkja almenning til þátttöku.



Kirkja sem var

Mikill harmur var kveðinn að Grímseyingum og í raun þjóðinni allri þegar Miðgarðakirkja brann 21. september 2021. Nú er stefnt að því að byggja nýja kirkju í Grímsey árið 2022. Verkefninu 'Kirkjan sem var?' er ætlað að styrkja menningarsögu eyjunnar og fjölga áfangastöðum ferðamanna og gesta í Grímsey. Það verður gert með því að setja upp minningarsýningu um kirkjuna sem brann, í anddyri nýju kirkjunnar, og reisa söguskilti um kristnihald og trúarlíf í eyjunni frá öndverðu á lóðinni.



Einkasafnið ljósmyndasýning í bókasafni Háskólans á Akureyri

Myndlistasýning á bókasafni Háskólans á Akureyri í febrúar. Um er að ræða sýningu á 80 ljósmyndum úr ljósmyndasafni Einkasafnsins, langtímaverkefni mínu sem er til húsa að Kristnesi í Eyjafjarðarsveit. Allar þessar myndir hafa verið prentaðar sérstaklega vegna sýningarinnar og innrammaðar. Hér verða í fyrsta sinn sýndar ljósmyndir eingöngu úr 20 ára skráningu Einkasafnsins.



Sýning á sögu Gilfélagsins

Í tilefni 30 ára starfsafmælis Gilfélagsins verður haldin sýning á sögu félagsins auk málþings í janúar 2022. Markmið verkefnisins er að fagna því sem hefur áorkast á starfsárunum, kynna sögu Gilfélagsins og Listagilsins í heild sinni og þakka fyrir framlag sjálfboðaliða til aukinna menningarviðburða á fjölbreyttu sviði lista á svæðinu. Til sýnis verða ýmis verk úr listaverkaeign, ljósmyndir af viðburðum og vinnu, textar og frásagnir.



Orgelkrakkahátíð

Orgelkrakkahátíð er tónlistarveisla fyrir börn á öllum aldri, haldin í Akureyrarkirkju í maí 2022. Þátttakendur taka virkan þátt og fá að njóta undraheima orgelsins með hlustun, sköpun, smíði og fræðslu með það að markmiði að víkka sjóndeildarhringinn á tónlistarsviðinu. Flutt verður tónlistarævintýrið Lítil saga úr orgelhúsi og tónleikar þar sem frægustu orgelverk sögunnar verða leikin. Auk þess verður boðið upp á Orgelkrakka, verkfræði og tónlistarstund og vinnusmiðjur í orgelspuna.




Svöngu Ruslaverurnar

Svöng ruslavera er þrjónaður skúlptúr sem er settur á upphengdar ruslatunnur. Ruslaveran hefur listrænt og samfélagslegt hlutverk, hún gleður og hvetur fólk til að týna upp rusl og gefa Svöngu Ruslaverunni að borða.



Mannhaf

Verkefnið Mannhaf er samvinnuverkefni milli listamannanna Áka Sebastians Frostasonar og Joel Väli í samstarfi við Bláa herinn. Þeir stefna á að setja upp útilistaverk og listasýningu undir sama þema á Akureyri sumarið 2022. Verkið snýr að því hvernig plast við sjóinn getur orðið að eðlilegum hluta fjörunnar í augum fólks og hvort með því að setja það í annað samhengi megi vekja hughrif og aukna meðvitund almennings á plastmengun í sjó sem raunverulegu og sýnilegu vandamáli í nærumhverfi okkar.



Á meðan

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari og skáld hefur á síðustu árum unnið að tónflutningi og við tónsmíðar og hefur hún gefið út þó nokkur lög, mörg byggð á hennar eigin textum og ljóðum. Í samvinnu við Fríðu Karlsdóttur munu þær vinna að fjórum vídeóverkum sem byggð verða á fjórum lögum eftir Steinunni. Einnig fá þær til liðs við sig dansara og grafískan hönnuð sem gera verkin að margslungnum listaverkum.



Tónaútgáfan – Tónleikar

Tónaútgáfa Pálma Stefánsson er viðamikill og merkilegur kafli í tónlistarsögu Akureyrar. Verkefnið snýst um að fara yfir sögu Tónaútgáfunnar með tónleikum í Hofi á Akureyrarvöku. Hljómsveit, skipuð mér, Magna Ásgeirssyni, Eypóri Inga Jónssyni og fleirum mun flytja vel valin lög út því mikla safni af gæðalögum sem Tónaútgáfan hefur gefið út. Meðal þeirra listamanna sem Tónaútgáfan gaf út eru Björgvin Halldórsson, Trúbrot, Ævintýri, Póló, Hljómsveit Ingimars Eydal og Geirmundur Valtýsson.



KarlaKór Akureyrar Geysir

Samstarfssamningur 2022-2023

KarlaKór AKureyrar Geysir heldur á 100 ára arfleifð samfellds karlaKórastarfs á Akureyri og hefur metnað til að þróa það áfram. Meining kórfélaga er að nýta sér hina ríku hefð til endurýjunar og sérstök áhersla er lögð í stefnumótun KAG á að ná til ungra söngmanna - um leið Covid-plágunni linnir. Jafnframt er á dagskrá að gera allt eldra efni karlaKóranna aðgengilegt á streymisveitum. Stjórnandi er Valmar Valjaots.



myndlistarfélagið

Myndlistarfélagið

Samstarfssamningur 2022-2023

Myndlistarfélagið er til húsa í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri. Þar stendur félagið fyrir sýningum á verkum félagsmanna og annarra allt árið um kring og tekur þar að auki þátt í öðrum listviðburðum og bæjarhátíðum. Með þessari miklu starfsemi í Listagilinu leggur félagið sitt af mörkum til að efla menningarlegan fjölbreytileika Akureyrarbæjar. Félagið er samstarfsvettvangur myndlistarmanna og málsvari þeirra. Félagið hefur á stefnu sinni að efla umræðu og fræðslu um myndlist á Akureyri.



Kaktus menningarfélag

Samstarfssamningur 2022-2023

Kaktus er listhópur sem rekur eigið listarými á Akureyri. Tilgangur Kaktuss er að bjóða upp á fjölbreytta menningarstarfsemi úr hinum ýmsu listgreinum og styðja við grasrót lista og menningar á Akureyri. Frá því í apríl 2015 hefur Kaktus staðið að og hýst á þriðja hundrað listviðburða af fjölbreyttum toga. Listamenn víðsvegar af landinu sem og erlendis frá hafa haldið sýningar, tónleika og staðið fyrir margbreyttri listsköpun undir merkjum Kaktusar og ungir listamenn stigið þar sín fyrstu spor.



Flugsafn Íslands

Samstarfssamningur 2022-2023

Samstarfssamningur Akureyrarbæjar og Flugsafns Íslands er með til að tryggja að safnið sé opið gestum alla daga sumars. Þá stendur safnið opið nemendum á leikskóla- og grunnskólastigi á Akureyri hvenær sem er árs auk þess sem Akureyrarbær getur nýtt safnið til móttöku gesta sinna eða annarra viðburða. Samstarfssamningurinn styður við fjölbreytta flóru safna, svo bæði nærsamfélagið og gestir menningarbæjarins fá notið.



Lúðrasveit Akureyrar

Samstarfssamningur 2022-2023

Hlutverk lúðrasveitar í skrudgöngum og öðrum hátíðarsamkomum bæjarfélaga er veigamikið og hefur Akureyri notið þess að vera með starfandi lúðrasveit allt frá árinu 1942. Lúðrasveit Akureyrar hefur reglulega verið studd fjárhagslega af Akureyrarbæ í gegnum tíðina og hefur sá stuðningur hefur skipt miklu máli í starfi sveitarinnar sem staðið hefur óslitið síðan. Ekki mörg sveitarfélög utan höfuðborgarinnar geta sagt sömu sögu.

kvennakór Akureyrar

Samstarfssamningur 2022-2023

Kvennakór Akureyrar var stofnaður á vordögum 2001. Í honum starfa nú að jafnaði um 60 konur frá Akureyri og nærsveitum. Frá haustinu 2016 er formaður kórsins Þórunn Jónsdóttir og stjórnandi frá 2019 er Valmar Völjaots.






Mannfólkið breytist í slím

Samstarfssamningur 2022-2023

Mannfólkið breytist í slím er óhagnaðardrifið menningarverkefni í formi tónleikaraðar sem nær hámarki með tónlistarhátíð að sumri og hefur verið haldin árlega síðan 2018. Markmið verkefnisins er að skapa hefð fyrir metnaðarfullri tónleikaröð á Akureyri skipulagðri af listafólki sumar hvert með sérstaka áherslu á frumsköpun og svæðisbundna menningu. Langtímamarkmið snúa að eflingu starfsumhverfis ungs listafólks, landsbyggða til móts við suð-vesturhornið og að auka samstarf milli landshluta.

Boreal Screendance Festival

Samstarfssamningur 2022



Boreal Screendance Festival er alþjóðleg hátíð tileinkuð dansmyndum eða vídeódansi(e. screendance). Markmið hátíðarinnar er að skapa sviðspall til kynningar á vídeódansverkum með því að skeyta saman inn- og erlendu listafólki, byggja brýr og hvetja til samstarfs. Mikil áhersla er lögð á að sýna verkin við bestu aðstæður og gera hljóði og mynd góð skil. Fyrsta útgáfa Boreal fór fram í nóvember 2020 í Mjólkurbúðinni í Listagilinu en árið 2021 var Ketilhúsi Listasafnsins bætt við sem sýningarsal.



Listhópurinn RÖSK

Samstarfssamningur 2022-2023

RÖSK Listhópur er þekktur fyrir skapandi störf og fjölbreytt viðburðarhald í Listagilinu á Akureyri, en hópin skipa Brynhildur Kristinsdóttir, Dagrún Matthíasdóttir, Jonna og Thora Karls. Árlega hefur RÖSK verið með fjölbreytt starf á vinnustofu sinni í RÖSK RÝMI; gjörninga, þátttökulist, fræðslu og kynningar á starfi listafólks víða að og verið með listasmiðjur fyrir börn á öllum aldri í skapandi starfi. Stefna RÖSK er að halda áfram viðburðaríku og skapandi menningarstarfi í Listagilinu.

Opið fyrir minni styrki

Árið 2022 er hægt að sækja um fyrir minni verkefni í sérstakan sjóð fyrir ungt og efnilegt listafólk. Verkefnastyrkir sem í boði eru 75.000 kr. fyrir verkefni á Akureyri, 25.000 kr. ferðastyrkur innanlands og 50.000 kr. ferðastyrkur erlendis á meðan fjármagn leyfir.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublað veitir Almar Alfreðsson, verkefnastjóri menningarmála í netfanginu almara@akureyri.is og síma 460-1157.